 <b>Samgöngustofa</b> <small>ICELANDIC TRANSPORT AUTHORITY</small>	Upplýsingabréf Þjálfunar- og skírteinadeildar nr. 1/2015	Dags: 01.05.2022
		Útgáfa 4

## Upplýsingabréf Samgöngustofu varðandi tilnefningu prófdómara fyrir verkleg flugpróf

### Inngangur

Í þessu upplýsingabréfi er lýst verklagi varðandi skipun prófdómara fyrir færnipróf (skill tests) þar sem sótt er um nýútgáfu, áritanir eða önnur tengd réttindi fyrir flugskírteini útgefin á Íslandi og prófdómari er með réttindi útgefin af Samgöngustofu. Í þeim tilvikum þar sem um er að ræða prófdómara með réttindi útgefin af flugmálayfirvöldum í öðrum EASA ríkjum gildir verklag sem birt er á heimasíðu EASA (Examiners differences document).

### Verklagið gildir um eftirfarandi próf:

1. LAPL/SPL/PPL/CPL færnipróf
2. Hæfnimat (Assessment of Competence) fyrir kennararéttindi (vegna nýútgáfu eða viðbótarréttinda)
3. Færnipróf fyrir útgáfu flokks- og tegundaráritana
4. ATPL færnipróf
5. Próf vegna fullgildinga
6. Hæfnipróf (proficiency check) og hæfnimat vegna framlengingar/endurnýjunar kennararéttinda

### Tilnefning prófdómara – Framkvæmd og skilyrði

#### Próf skv. 1 og 2. lið

Fyrir próf skv. 1., 2. lið mun Samgöngustofa tilnefna prófdómara með tilskilin réttindi. Óskað skal eftir tilnefningu á netfanginu: [skilltest@icetra.is](mailto:skilltest@icetra.is).

Eftirfarandi upplýsingar sem skulu fylgja umsókn um próf:

Nafn þess ATO / DTO sem óskar eftir prófinu.

Nafn próftaka, kennitala (ef á við) netfang og símanúmer.

Tegund prófs sem óskað er eftir að verði framkvæmt.

Sá flugvöllur þar sem prófið fer fram.


Samgöngustofa áskilur sér þrjá virka daga fyrir afgreiðslu beiðna um tilnefningu. Þegar próftaka hefur verið úthlutaður prófdómari er gert ráð fyrir að próftaki hafi samband við prófdómara sem fyrst.

#### Próf skv. 3., 5. og 6. lið

Fyrir próf skv. 3., 5. og 6. lið er hægt að nálgast upplýsingar um prófdómara með tilskilin réttindi á prófdómaralista Samgöngustofu.

Prófdómari skal ekki taka að sér færni eða hæfnipróf ef prófdómarinn:

- er vanhæfur til að framkvæma prófið t.d. sökum skyldleika, vinskapar eða fjárhagslegra hagsmuna; eða
- hefur kennt próftaka meira en 25% af þeirri þjálfun sem krafist er fyrir viðkomandi réttindi

 Samgöngustofa ICELANDIC TRANSPORT AUTHORITY	Upplýsingabréf Þjálfunar- og skírteinaeildar nr. 1/2015	Dags: 01.05.2022
		Útgáfa 4

## 2.2 ATPL færniþróf

Fyrir ATPL færniþróf skal prófdómari eða flugrekandi senda tilkynningu um væntanlega framkvæmd prófs ásamt upplýsingum um próftaka og prófdómara, dagsetningu prófs og stað með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Prófdómarinn eða flugrekandinn fær í kjölfarið tilkynningu um móttöku og skilyrta heimild til framkvæmd prófsins. Ákveði Samgöngustofa að fylgjast með prófinu eða láta annan prófdómara framkvæma prófið er prófdómara og flugrekanda tilkynnt um það.

## 2.3 Próf vegna fullgildinga

Tilkynna skal fyrirhuguð próf vegna fullgildinga með sama fyrirvara og gildir fyrir ATPL færniþróf. Ákveði Samgöngustofa að fylgjast með prófinu eða láta annan prófdómara framkvæma prófið er prófdómara og flugrekanda tilkynnt um það.

## 2.4 Hæfniþróf og hæfnimat vegna framlengingar/endurnýjunar kennararéttinda

Ekki þarf að tilkynna sérstaklega um framkvæmd prófa skv. 6. lið

## Áritanir prófdómara í skírteini – Framkvæmd og skilyrði

Eftirfarandi reglur gilda varðandi áritanir prófdómara í skírteini:

Tegund prófs (Type of test /check)	Færniþróf (skill test) fyrir skírteini og áritanir	Hæfniþróf (prof. check) fyrir skírteini og áritanir	Hæfnimat (Assessment of Competence) fyrir prófdómara- / kennaravottorð
<b>Fyrsta próf (Skill test)</b>	Prófdómari má <b>EKKI</b> skrifa í skírteini	N/A	Prófdómari má <b>EKKI</b> skrifa í skírteini
<b>Framlenging (Revalidation)</b>	N/A	Prófdómari má skrifa í skírteini	Prófdómari má skrifa í skírteini, <u>nema fyrir prófdómaravottorð</u>
<b>Endurnýjun (Renewal)</b>	N/A	<b>Áritun útrunnin skemur en 3 ár <u>OG</u> áritun í skírteini</b> Prófd. má skrifa í skírteini	Prófdómari má <b>EKKI</b> skrifa í skírteini
		<b>Áritun útrunnin lengur en 3 ár <u>EDA</u> áritun ekki í skírteini</b> Prófd. má <b>EKKI</b> skrifa í skírteini	

- Prófdómari má aðeins skrifa í skírteini ef áritun er þegar til staðar í skírteini. Heimild sem krafist er skv. ARA.FCL.200(c) til framlengingar eða endurnýjunar vegna áritana eða vottorða er veitt handhöfum íslenskra prófdómaravottorða með þessu upplýsingabréfi. Áritun skal framlengd til loka viðkomandi almanaksánaðar.
- Sé áritun ekki í skírteini verður að gefa út nýtt skírteini af Samgöngustofu.
- Prófdómari má ekki skrifa í skírteini þegar um færniþróf er að ræða.
- ATH! Þegar áritun er útrunnin verður að prófdómari að ganga úr skugga um að próftaki hafi fengið upprifjun/mat á upprifjun í samræmi við FCL.625/FCL740 eins og við á. Í slíkum tilvikum þarf að skila inn eyðublaði Samgöngustofu, LF-443, varðandi þörf fyrir upprifjunarþjálfun ásamt öðrum prófgögnum.